

**Ed.**

**890. Frumvarp**

til laga um niðurlagning prestlaunasjóðs.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

**1. gr.**

Prestlaunasjóður er felldur niður. Allt fé, er til sjóðs þessa skyldi falla, rennur framvegis til rikissjóðs, sem launar prófasta og sóknarpresta þjóðkirkjunnar.

**2. gr.**

Sýslumenn, bæjarfógetar og tollstjórinn í Reykjavík innheimta hin lög-  
mæltu prestsgjöld og greiða í rikissjóð, að frádregnum 6% fyrir innheimtuna.  
Prestsgjald fellur í gjalddaga 1. apríl.

Sóknarnefndir ljúka innheimtu gjalda, sem fallin eru í gjalddaga.

Sóknarnefndir skulu senda hlutaðeigandi innheimtumanni, ekki síðar en í lok janúarmánaðar, skýrslur, eins og til þessa hafa verið gerðar, um gjaldskylda menn.

Heimilt er að fela sóknarnefndum utan Reykjavíkur að annast innheimtu prestsgjalda áfram, þar sem það þykir henta, gegn lögmæltri þóknun.

Að því leyti, sem hreppstjórar kunna að innheimta prestsgjöld í umboði sýslumanns, skulu innheimtulaun samkvæmt 1. málsg. renna til þeirra.

**3. gr.**

Ákvæði laga nr. 46, nr. 47 og nr. 50 frá 1907, og nr. 40 frá 1909, er ekki samrímast lögum þessum, taka viðeigandi breytingum, svo eru úr gildi num-  
in önnur ákvæði, er fara í bága við lögin.

**4. gr.**

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1935.